



GRUNAR ÞIG ÞVAGFÆRASÝKINGU HJÁ ÍBÚA HJÚKRUNARHEIMILIS?



STOPP

Ræðið við íbúann og þau sem sinnt hafa aðhlyningu viðkomandi og fáið fram einkenni, teikn og breytingar á salernisvenjum

Einungis eru almenn/ósértæk einkenni



Sértæk einkenni eru til staðar

ALMENN EINKENNI SEM HVORKI STAÐFESTA NÉ HREKJA GREININGU:



Óráð
Preyta
Bylta
Vond lykt af þvagi
Breyttur litur á þvagi

SÉRTÆK EINKENNI SEM VEKJA GRUN UM ÞVAGFÆRASÝKINGU

- Nýtilkominn sviði eða verkur við þvaglát

EÐA tvö eða fleiri atriði af eftirfarandi:

- Hár hiti
- Verkur/eymsli í síðu eða neðarlega í kvið
- Aukin þvaglátatíðni
- Versnun á eða nýtilkominn þvagleki eða þvagteppa
- Sýnilegt blóð í þvagi



VÖKTUN OG MÆLINGAR

Lífsmörk minnst 1x á sólarhring
Hvetja til að drekka meira
Ræðið við lækni ef bylta eða óráð

ALMENN SÝKINGAEINKENNI?*



JÁ

RÆÐIÐ VIÐ LÆKNI



NEI



Að framkvæma **stix/þvagstrimilspróf** þegar einkenni eru einungis almenn og engin sérstök einkenni sýkinga eru til staðar þykja **EKKI** góð vinnubrögð og getur slíkt gefið villandi upplýsingar.

Þvagstrimilspróf tekið á röngum forsendum:

- 1) Getur afvegaleitt frá meginorsök og valdið greiningartöf
- 2) Getur leitt til ónauðsynlegrar eða ónákvæmrar meðferðar

*Hár hiti (>38°C eða 1,5°C yfir meðalhita viðkomandi), hraður púls, aukin öndunartíðni, kölduköst, svitakóf